

# Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

## Trúnaðarráðsfundur – fundargerð

Dagsetning: 15. júlí 2021, 20.10-22.10

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29

Mætt voru: Snorri Steinn Sigurðsson, sem stjórnaði fundi, Friðrik Rafnsson, Harpa Björnsdóttir, Indriði H. Þorláksson, Þórhildur Sigurðardóttir, Áslaug Jóna Marinósdóttir, Valva Árnadóttir, Jakob S. Jónsson, sem reit fundargerð.

Guðný Margrét Emilsdóttir og Pétur Gunnarsson sátu fundinn með fjarfundarbúnaði.

Forföll: Sigrún Pálsdóttir, Birna Imsland, Hildur Bjarnason, Guðni Gunnarsson.

Fjarverandi: Hjörtur Howser, Kári Jónasson, Aldís Aðalbjarnardóttir, Stefán Arngrímsson, Sigurður Magnússon.

1.	<b>Fundur settur</b>	Varaformaður setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið á þennan fyrsta fund trúnaðarráðs.		
2.	<b>Laganefnd</b>	Samkvæmt ákvörðun síðasta aðalfundar ber trúnaðarráði að kjósa tvo fulltrúa í laganefnd þar sem að auki sitja formaður Leiðsagnar, formaður kjaranefndar, formaður fagdeildar og tveir fulltrúar kjörnir af stjórn.  Samþykkt að skipa Hörpu Björnsdóttur og Guðnýju Margréti Emilsdóttur sem fulltrúa trúnaðarráðs í laganefnd. Stjórn mun skipa tvo fulltrúa og nefndin síðan hefja störf um sumarið skv. áðurnefndri ákvörðun aðalfundar.	Á	Stjórn
3.	<b>Námskeið fyrir stjórn og trúnaðarmenn</b>	Félagsmálaskóli ASÍ býður upp á að halda námskeið ætlað er fólki í félagsstörfum innan stéttarféлага. Skólinn er tilbúinn, í samstarfi við LS, að skipuleggja og framkvæma slíkt námskeið fyrir stjórn og kjörna trúnaðarmenn. Ritari heldur utan um skipulagið og heldur áfram viðræðum við Félagsmálaskóla ASÍ eftir sumarleyfi.  Ekki verður gert að skyldu að sækja námskeiðið en hins vegar mælt sterklega með því að allir kjörnir trúnaðarmenn félagsins sækja það.	Á	Jakob
4.	<b>Fagráð</b>	Indriði og Jakob, sem báðir sitja í Fagráði ásamt Steinunni Harðardóttur, gerðu grein fyrir störfum	U	

		<p>Fagráðs, sem stofnað var með lagabreytingu á aðalfundi 2019.</p> <p>Fagráð tók þá að hluta til yfir þau verkefni Fræðslu- og skólanefndar sem sneru að skólum sem kenna leiðsögn auk þess sem Fagráð hefur einnig það hlutverk með höndum að sinna faglegum hagsmunum félagsmanna, t.d. gagnvart yfirvöldum og vera talsmaður félagsins á þeim vettvangi.</p> <p>Á undanförunum starfsvetri hefur Fagráðið verið til aðstoðar og stuðnings fulltrúa félagsins í starfshópi ferðamálaráðuneytis um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna og unnið þar mikið starf og þarft og átt sinn þátt í að þeirri vinnu lauk farsælega. Það er auk þess í samræmi við hlutverk fagráðsins, sem er að vera tengiliður félagsins við þær menntanstofnanir sem kenna leiðsögn.</p> <p>Nokkrar umræður urðu um hlutverk fagráðs borið saman við aðrar fastanefndir félagsins eins og t.d. Fræðslunefnd auk þess sem verkaskipting milli Fagráðs og Fagdeildar þarf að vera skýr; talið var nauðsynlegt að skilgreina hin mismunandi hlutverk Fagráðs, Fagdeildar og Fræðslunefndar betur svo fulltrúar trúnaðarráðs og aðrir séu með þau mál á hreinu.</p>		
5.	<b>Starfshópur ferðamálaráðuneytis</b>	<p>Jakob gerði grein fyrir niðurstöðum starfshóps ferðamálaráðuneytis um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna, en Jakob var fulltrúi LS í þessum starfshópi. Skýrslu hópsins hefur verið skilað til ráðherra fyrir nokkru.</p> <p>Niðurstöðum starfshópsins má skipta í þrennt:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Starfshópurinn gerir tillögu um að leiðsögunám á Íslandi muni framvegis hafa að grunni Evrópustaðalinn ÍST 15565:2008 að viðbættum þáttum um öryggi, náttúruvernd og neytendavernd. Þá gerði hópurinn tillögu um raunfærnimat. Þessar tillögur hefur ferðamálaráðherra sent til ráðuneytis menntamála til að kanna að þær stangist hvergi á við þær breytingar sem verið er að vinna að í menntakerfinu, auk þess sem mikilvægt er að tillögurnar komi til framkvæmda á haldbæran hátt. Raunfærnimat er í umsjá Hæfniseturs ferðaþjónustunnar.</li> </ol>	U	

		<p>2. Starfshópurinn gerir tillögur um kröfur til málakunnáttu; var það niðurstaða hans að leiðsögumál krefðist kunnáttu skv. C1 á evrópustaðli um málakunnáttu (CEFR), en samskiptamál skyldi vera hið lægsta B2 skv. sama staðli.</p> <p>3. Nokkrar tillögur starfshópsins eru háðar samkomulagi og samstarfi Leiðsagnar og SAF og má þar einkum nefna kröfur um endurmenntun og skrá yfir leiðsögumenn. Um þessar tillögur má ræða við SAF þegar í stað og varðandi skrá yfir leiðsögumenn einnig við Ferðamálastofu, en slík skrá yrði væntanlega samstarfsverkefni þessara þriggja aðila.</p> <p>Að öðru leyti vísast til skýrslu starfshópsins, en hún var afhent trúnaðarráðsfulltrúum fyrir fundinn og verður senn gerð opinber á heimasíðu Leiðsagnar.</p> <p>Nokkur umræða varð um skrá yfir leiðsögumenn, enda mikið hagsmunamál Fagdeildar; var það vilji trúnaðarráðs að þegar yrði hafist handa við gerð slíkrar skrár á vegum Leiðsagnar, hvað sem verða kann um væntanlegt samstarf Leiðsagnar, SAF og Ferðamálastofu. Trúnaðarráð beinir þeim til-mælum til stjórnar að kanna hjá Persónuvernd rétt formerki við að koma slíkri skrá á stofn.</p>	Á	Stjórn
6.	<b>Komandi kjarasamningar</b>	<p>Formaður kjaranefndar gerði grein fyrir sinni sýn á hvað í vændum væri þegar kemur að viðræðum um komandi kjarasamninga. Mikilvægt er að hefjast þegar handa við undirbúning viðræðna við viðsemjendur og byrja á því að kanna vandlega hvað sameinar Leiðsögn og SAF frekar en leita að því sem skilur að.</p> <p>Nokkrar umræður urðu um þetta og bent á ýmis mál sem mikilvægt er að tekið verði á og stungið upp á að halda fund með þjóðfundafyrirkomulagi þegar viðræður eru komnar af stað, þar sem fulltrúar hinna margvíslegu hópa leiðsögumanna fái að koma með sín sjónarmið um úrbætur á samningum og kjörum,</p> <p>Tillaga samþykkt að trúnaðarráð kjósi í viðræðu-nefnd innan ekki of langs tíma á næstu fundum sínum.</p>	U	Kjara-nefnd
			Á	

7.	<b>Samskipti, virkni og upplýsingaflæði innan trúnaðarráðs</b>	<p>Valva brýndi fyrir trúnaðarráðsfulltrúum að kynna sér vel og reglulega heimasíðu félagsins til að fylgjast með því hvað er að gerast í félaginu; einnig að fundarboð og dagskrár verði send bæði fulltrúum og varamönnum svo allir geti fylgst með gangi mála. Mikilvæg mál verði send í tölvupósti til kjörinna fulltrúa sem málið varðar. Þetta mál hlaut góðar undirtektir allra viðstaddra.</p> <p>Tillaga kom fram um að félagið héldi „opið hús“ og var vel tekið í hana; stjórn falið að koma þeirri hugmynd í framkvæmd.</p>	U Á	Stjórn
8.	<b>Aðstoð vegna meintra kjarabrota</b>	<p>Snorri benti á að ferlið við að senda fyrirspurn eða kvörtun vegna brota á kjarasamningi er óþarflega flókið og seinvirkt. Þessu þarf að bæta úr.</p> <p>Formaður kjaranefndar gerði grein fyrir þeirri hugmynd sem hefur verið rædd nokkuð innan hluta kjaranefndar, að nefndin skipti með sér störfum þannig að einn hluti hennar annist þjónustu við félagsmenn af því tagi sem Snorri nefnir, hinn annist undirbúning samningaviðræðna á þann hátt sem kveðið er á um í erindisbréfi.</p>	U	
9.	Önnur mál	Önnur mál lágu ekki fyrir.		

Fundi slitið 22:10

Fundargerð staðfest

---

Jakob S. Jónsson, ritari

---

Snorri Steinn Sigurðsson, varaformaður